

2021

Fimmtudaginn 12. júní 1997.

Nr. 126/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Kristni Davíðssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. mars 1997 að ósk ákærða, sem hann einn dómfelldra bar fram.

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins, en til vara, að refsing verði milduð og skilorðsbundin.

Ákærvaldið krefst staðfestingar héraðsdóms.

Fram er komið, að brot ákærða, sem er réttilega lýst í hinum áfrýjaða dómi, var framið haustið 1995, en ekki haustið 1994, svo sem í ákæru greinir. Með þessari athugasemd og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur bæði um sakfellingu ákærða og refsíákvörðun svo og um sakarkostnað.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kristinn Davíðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 10. febrúar 1997.

Mál þetta var höfðað með tveimur ákærum, 1) ákæru, út gefinni 23. september 1996 af sýslumanninum í Keflavík á hendur SH einum, birtri ákærða 27. nóvember s. á., skráðri undir málsnúmerinu S-378/1996, 2) ákæru, út

gefinni af ríkissaksóknara 12. nóvember 1996 á hendur öllum ákærðu, birtri ákærðu H, S og U 25. nóvember, ákærða Kristni 26. nóvember og ákærða SH 27. nóvember s. á. Málin tvö voru sameinuð við þingfestingu 2. desember 1996 undir númerinu S-482/1996. Málið var tekið til dóms 21. janúar sl. að lokinni aðalmeðferð.

Ákærð eru H, ..., Kristinn Davíðsson, kt. 110552-3789, Hallveigarstíg 9 (ekki 19, eins og segir í ákæru), Reykjavík, S, ..., SH, ..., U,

Í ákæru, út gefinni 12. nóvember, eru sakargiftir „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin árið 1995, nema annars sé getið:

A. Ákærða SH er gefið að sök:

B. Ákærða Kristni er gefið að sök að hafa haustið 1994 brotist inn í vörulager verslunar Þorsteins Bergmann, Nýlendugötu 14, Reykjavík, og stolið 50 pennum, barnaleikföngum, leirmunum og búsáhöldum, sem hann hafði á brott með sér í tveimur kössum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þáttur ákærða Kristins Davíðssonar.

Vegna þessa þáttar máls var ákærði Kristinn yfirheyrður af rannsóknarlögreglumanni 22. ágúst 1996. Þar er eftir honum haft, að hann viðurkenni afdráttarlaust að hafa stolið búsáhöldum ýmiss konar úr vörulager Þorsteins Bergmann að Nýlendugötu 14 í Reykjavík. Ákærði tók þó fram, að hann hefði ekki brotist inn í þennan vörulager, það hlyti einhver annar maður að hafa gert. Fyrir dómi lagði ákærði áherslu á, að hann hefði ekki brotist inn á lagerinn. Hann kvaðst hafa tekið búsáhöld, nokkrar pönnur og diska á gangi fyrir framan lagerinn. Hann hefði þá búið á Nýlendugötu 14 og hefði tekið þetta á gangi, þar sem voru tvö íbúðarherbergi. Aðra muni, sem tilgreindir eru í ákæru, kvaðst hann hafa keypt af tveimur mönnum. Í húsleit lögreglu heima hjá meðákærðu H og U 7. desember 1995 fundust tveir pappakassar með ýmiss konar leirtaui, eldfastir diskar og eldfastir matarbakkar. Ákærði Kristinn kannaðist við fyrir dómi að hafa selt þessa muni meðákærða H.

Við það verður að miða, að ákærði Kristinn hafi kastað eign sinni á búsáhöld, pönnur og diska, þar sem þau voru á gangi innanhúss framan við vörulager verslunar Þorsteins Bergmann, Nýlendugötu 14, Reykjavík.

Ákærði vissi eða mátti vita, að honum var óheimil taka hlutanna. Munirnir voru á gangi framan við vörulagerinn. Þó að þeir væru ekki í honum sjálfum, var vörslum svo háttað, að ákærði Kristinn gerðist með töku þeirra sekur um þjófnað, og heyrir brot hans undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Kristinn hefur þrettán sinnum árin 1972 til 1991 verið dæmdur til refsingar eða gengist undir dómsátt um refsingu fyrir brot á fíkniefnalögum, líkamsárás, fjársvik, ólögmeta meðferð fundins fjár, skjalafals og þjófnað. Hinn 4. október 1990 var hann dæmdur til fangelsisvistar fyrir skjalafals og þjófnað, 12. mars 1991 sakfelldur fyrir þjófnað, hegningarauki, en ekki gerð sérstök refsing, og 27. september sama ár dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir fjársvik. Síðastnefndur dómur hefur ítrekunaráhrif í þessu máli, sbr. 255. og 71. gr. almennra hegningarlaga. Dómara þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi.

— — —

Málkostnaður.

Dæma ber ákærðu til að greiða sakarkostnað. Í máli þessu er hann ekki annar en málsvarnarþóknun skipaðra verjenda þeirra og saksóknarlaun í ríkissjóð. Ákveður dómari hann sem hér segir:

Ákærði SH greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 100.000 krónur í málsvarnarþóknun auk virðisaukaskatts og 30.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði Kristinn Davíðsson greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 80.000 krónur í málsvarnarþóknun auk virðisaukaskatts og 20.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði S greiði verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hrl., 80.000 krónur í málsvarnarþóknun auk virðisaukaskatts og 20.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærðu H og U greiði in solidum verjanda sínum, Sigmundi Hannessyni hrl., 80.000 krónur í málsvarnarþóknun og 30.000 krónur in solidum í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði H sæti 30 daga fangelsi.

Ákærði Kristinn Davíðsson sæti 45 daga fangelsi.

Ákærði SH sæti 6 mánaða fangelsi. Hann sæti upptöku á 0,5 g af hassi.

Ákærði S sæti 45 daga fangelsi.

Ákærða U sæti 30 daga fangelsi.

Ákærði Kristinn Davíðsson greiði verjanda sínum, Kristjáni Stef-
ánssyni hrl., 80.000 krónur í málsvarnarþóknun auk virðisaukaskatts.
Hann greiði og 20.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði SH greiði verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hrl.,
100.000 krónur í málsvarnarþóknun auk virðisaukaskatts. Hann
greiði og 30.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði S greiði verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hrl., 80.000
krónur í málsvarnarþóknun auk virðisaukaskatts. Hann greiði og
20.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærðu H og U greiði in solidum verjanda sínum, Sigmundi Hann-
essyni hrl., 80.000 krónur í málsvarnarþóknun auk virðisaukaskatts.
Þau greiði og in solidum 30.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.
